

að taka eptirrit af henni, ásamt játningu um að þær hafið tekið við bókunum, og sömuleiðis eruð þær beðnir að senda kassana frá herstjórninni hingað aptur með næstu ferð.

1868.  
3. ágúst.

#### 43. Bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru konungs.

10. ágúst.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Þar-  
eð Vér ætlum að takast ferð á hendur til útlanda, og með því  
að lög þau, sem boðuð eru í 8. grein grundvallarlaganna, um  
ríkisstjórnina þá er konungur ekki er fulltíða, eða er hann er  
veikur eða fjærverandi, ekki hafa birzt ennþá, höfum Vér  
áformað, samkvæmt 25. grein grundvallarlaganna, að láta út  
ganga bráðabirgðalög um ríkisstjórnina í fjærveru Vorri, og eru  
þau samhljóða lögunum frá 14. marzmán. 1867.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Meðan konungur er í burtu á ferð þeirri til útlanda, sem  
hann nú ætlar að taka sér fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkis-  
stjórnina á hendi í nafni konungs.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn  
10. dag ágústmánaðar 1868.

#### 44. Tilskipun um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

10. ágúst.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt:  
Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al-  
þingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar  
um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo  
eru nefndir, á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

##### 1. grein.

Af öllum bátum og skipum, sem gjörð eru út og höfð til

1868.

10. ágúst.

fiskiveiða á Íslandi, skal hèreptir goldinn spítalahlutur samkvæmt reglum þeim, sem hér fara á eptir:

- a) af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi, sem aflast, skal goldin hálf alin, og að því skapi af því, sem ekki nær hundraði;
- b) af hverri lýsistunnu, sem aflast, skal goldin ein alin og að því skapi af því, sem minna er.

## 2. grein.

Gjaldið rennur í lækna sjóðinn íslenzka, og skal í fyrsta skipti heimtað saman eptir þessari tilskipun 12. maímán. 1870; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs.

## 3. grein.

Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Eigi fleiri skip saman og seú eigi allir innanhrepps, þá skulu þeir gjalda, sem innanhrepps eru. Sè formaður sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, skal hann hafa greiðt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Greiðandi hefir rétt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi því, að hlutfalli réttu.

## 4. grein.

Hreppstjórnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski-eða hákallaveiða í hreppnum eður umdæmi bæjarins á tímabilinu frá 12. maímán. árið fyrir til sama tímabils árið eptir; skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta, og afla-upphæð þeirra, eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs tilboð.

Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta ekki seinna en viku fyrir næstu manntalsþing; heimtir hann þar saman gjaldið eptir skránni, er hann hefir yfirlitið hana og rannsakað eins og þarf.

Reynist skýrslan um afla-upphæðina ósönn, skal sá, sem hlut á að máli, gjalda til lækna sjóðsins sekt, er sè fimmföld við gjald-upphæð þá, er dregin var undan. Mál þau, er rísa

af ósönnum skýrslum, skal farið með sem opinber lögreglumál, nema ástæða sé til að höfða sakamál útaf atferli hlutaðeiganda. 1868.  
10. ágúst.

## 5. grein.

Sýslumaður eða bæjarfógeti eiga fyrir lok októbermánaðar á hverju ári að senda stiptsyfirvöldunum reikning, og með honum tæðar skrár hreppstjóranna eður bæjarstjórnarinnar, um alla spítalahluti í sýslunni eða kaupstaðnum það ár, og borga þeim fæð um leið.

## 6. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju meðtalinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbréfi 26. maímán. 1824, gilda framvegis eins og hingað til.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið á Amalíuhöll 10. dag ágústmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

## Ástæður fyrir lagaboði þessu.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í tíðindum frá alþingi 1865 II, 159.—165. bls., og álitsskjal þingsins til konungs á 537.—546. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um, að frumvarpið fái lagagildi með þeim breytingum, er nú skal greina:

1) að í 1. grein verði sett í staðinn fyrir staðið a-d:

„a) af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi, sem aflast, skal goldin hálf alin;

b) af hverri lýsistunnu, sem aflast, skal goldin ein alin.“

2) að á eptir 2. grein verði bætt inn nýrri grein svolátandi:

„Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Nú eiga fleiri skip saman, og eru eigi allir innanhrepps, og skulu þeir þá gjalda sem innanhrepps eru, en sé enginn þeirra innanhrepps, skal formaður gjalda, sem fyr segir. Nú er formaður

1868.

10. ágúst.

sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, og skal hann hafa greiddt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Greiddandi hefir rétt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi, að hlutfalli réttu.“

- 3) að bætt verði inn í 3. grein frumvarpsins ákvörðun um, að skýrslur þær, sem þar ræðir um, nái einnig yfir aflaupphæðina á hverju skipi eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs tilboð, og að breytt verði til um tímann, er skýrslurnar skulu ná yfir, eða færður til 12. maímán. ár hvert.
- 4) að fjórða grein frumvarpsins verði felld úr, og að í þess stað verði bætt við 3. grein þess: „að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni.“
- 5) að enn fremur verði bætt við 3. grein frumvarpsins sfofelldri ákvörðun: „Nú reynist skýrsla formanns ósönn um aflaupphæð hans, og varðar honum það við lög, sem tífundarsvik“.
- 6) að í 5. grein frumvarpsins verði felld úr þessi orð: „og reikninga“ og þessi „sem heimtaðir hafa verið saman“, en í stað orðsins „gjaldkerans“ komi: „bæjarstjórnarinnar“, og að sömuleiðis fyrir orðin „um leið inn fè það, sem hjá þeim er“ komi: „þeim fèð um leið“.

Konungsfulltrúi á alþingi sagði í álitsskjali sínu um mál-efni þetta, að því snertir aðalbreytingu þá, er þingið hafði stungið uppá á frumvarpi stjórnarinnar, það er að segja þá, að spítalgjaldið skuli greiddt af aflanum, en ekki af hverjum bát, sem gjörður er út til fiskiveiða, að að einu leytinu sè sá kostur við þessa uppástungu, að skattgjald þetta komi þá jafnara niður á gjaldendur eptir skattmegni þeirra, og eins að hún sè samkvæmari þeirri reglu, er hingað til hefir verið gildandi, en á hinn bóginn sè sá galli á henni, að það verði erfðara að hafa umsjón með, að gjaldið verði réttilega greiddt, heldur en eptir reglu frumvarpsins, þar sem að verði að leggja framtal gjaldendanna sjálfra til grundvallar þegar gjaldið er ákveðið, og einasta leiðréttingin, sem getur átt sèr stað þegar vafi er á, er

1868.

10. ágúst.

eiðurinn. Hið sama sè samt eptir gildandi lögum að segja um öll hin önnur helztu gjöld í opinberar þarfir á Íslandi, og að hyggju konungsfulltrúa er ekki eins hætt við ósönnu framtali hère, eins og þegar telja á fram til tíundar, skatts o. s. frv., því að ákvörðun sú, að skipseigandi eða formaður eigi að greiða spítalagjaldið af hendi og fá aptur endurgjald af öllum, sem hlut taka af skipi, muni leiða af sèr, að greiðandinn jafnaðarlega heimti af hinum, er eiga hlut af skipinu, þeirra hluta af gjaldinu eptir hinni sönnu aflaupphæð, áður en hann segir til hennar, svo að ekki geti farið svo fyrir honum, að hann verði sjálfur að gjalda líka af hlutum hinna, ef að seinna kynni að komast upp, að skýrsla hans um aflaupphæðina væri ósönn, og þegar svo væri, megi búast við, að hinir hlutareigendurnir muni hjálpa til að koma sannleikanum upp, ef að gjaldandi á eptir drægi nokkuð undan, eða með öðrum orðum, að það muni sjaldnar bera við, að dregið verði undan af opinberum gjöldum, þegar því ekki verður við komið, nema því að eins, að margir sèu í vitorði með. Konungsfulltrúi tók enn fremur fram, að að sinni hyggju sè sèrílaga ástæða til að fara að ráðum alþingis, þegar um skattalög er að ræða, og að gjaldmáti sá, sem alþingi stingur uppá, muni verða miklu vinsælli af alþýðu en sá, sem frumvarpið fylgir fram; lagði hann því til með, að þessi uppástunga alþingis væri tekin til greina, og sömuleiðis að hinar aðrar breytingar, sem þingið hafði stungið uppá, væri teknar í lagaboðið, þegar það birtist, lítið eitt lagaðar.

Þegar dómsmálastjórnin bar málið upp fyrir konungi, fór það þessum orðum um breytingu þá, sem til er færð í fyrsta tölulið.

Það verður ekki á móti því borið, og það er þegar játað í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að spítalagjaldið muni koma talsvert misjafnt niður á gjaldendur, þegar það er heimtað saman eingöngu eptir stærð skipanna og engin hliðsjón höfð af aflaupphæðinni, en þessi aðferð var samt kosin, af því að hún er hægust, vissust og að með henni er auðveldast að sjá um, að ekki verði dregið undan, og að síðustu vegna þess, að þó að gjaldið þá ekki kæmi jafnt niður á gjaldendur, mundi það ekki

1868.

10. ágúst.

verða neinum þungbært, þar sem það var sett næsta lágt; þar við bættist enn, að bæði nefnd sú, sem sett var í Reykjavík til að ræða málið, og allir amtmennirnir, höfðu verið samhuga um að mæla fram með henni. En úr því að nú er komið fram, að alþingi, og sérílagi allir bændurnir á þinginu, sem einkanlega eiga að greiða gjaldið af hendi, eru alveg mótfallnir reglu þeirri, sem sett er í frumvarpi stjórnarinnar, sökum þess, hversu ósanfngjörn hún er, virðist stjórnarráðinu ísjárvert að halda henni óbreyttri, með því að þar af kynni að spretta óvild og óánægja meðal gjaldenda, er sneyða verður hjá eins og unnt er. Að visu verður ekki á móti því borið, að á uppástungu alþingis er sá mikilsverði galli, að eptir henni verður ekki höfð nein umsjón með, að gjaldið verði réttilega greidt, þar sem menn að öllum jafnaði verða að láta sér lynda framtal gjaldendanna sjálfra, en sama má segja yfirhöfuð að tala um hvern tekjuskatt, og með því að gjaldið í sjálfu sér er lágt og sanngjarnt, og sett er talsverð hegning við ósönnum skýrslum um aflaupphæðina, má búast við, að ekki muni verða dregið svo mikið undan, að gjaldið verði að nokkrum mun minna fyrir það. Stjórnarráðið hlýtur því að álíta, að ekki sé næg ástæða til að vera mótfallinn þessari breytingu, sem konungsfulltrúi líka hefir mælt fram með, en samt hefir virzt réttast að bæta við skýlausri ákvörðun um, að gjaldið skuli einnig greidt af minna en stóru hundraði af þorski og einni lýsistunnu, og sömuleiðis virðist það leiða beinlínis af breytingu þeirri, sem alþingi hefir stungið upp á 1. grein, að 2. grein verður einnig að breyta þannig, að gjaldið skuli greidt í peningum eptir meðalverði á þeirri vörutegund, sem það er galdið af.

Eptir hinni staðfestu útleggingu á dönsku af hinu nýja frumvarpi, sem alþingi hafði fallið á, var ekki stungið upp á öðrum breytingum á 1. grein stjórnarfrumvarpsins; en ef að íslenzki textinn á frumvarpi alþingis er borinn saman við íslenzka textann á stjórnarfrumvarpinu, sèst, að í stað orðanna „gjörð eru út“ í fyrstu línu greinarinnar stendur í frumvarpi alþingis „eru höfð.“ Þegar fljótt er á litið, virðist þetta að eins vera orðabreyting, sem, eptir því sem segir í álitsskjali alþingis,

1868.

12. ágúst.

stungið er uppá til þess að sýna, að það sé ekki nóg, að skipið sé gjört út, heldur eigi það einnig að hafa verið haft til fiskiveiða. En orðin: „gjörð eru út á fiskiveiðar á Íslandi“ voru sett með ásettu ráði, til þess að sýna, að það er að eins af þeim skipum og bátum, sem gjörð eru út í landinu sjálfu á fiskiveiðar, að gjaldið átti að greiðast, en að aptur á móti ekki átti að gjalda það af skipum þeim, sem send eru frá Danmörku til Íslands á fiskiveiðar, og ástæðan til þessa var sú, að það væri ósanngjarnt að krefjast gjaldsins af þess konar skipum, sem líka hafa hingað til verið laus við það, þar sem þegar er búið að greiða hið vanalega lestagjald af þeim, 2 rd. fyrir hverja kaupskipalest. Eins og greinin er orðuð í íslenzka textanum á frumvarpi alþingis, heyra þessi skip einnig undir lagabóðið, en með því ekki virðist hafa verið til þess ætlazt, að minnsta kosti er alls ekki vikið á það í umræðunum, þókti réttast, til að byrgja fyrir allan misskilning, að breyta þessari málsgrein þannig: „sem gjörð eru út og höfð til fiskiveiða á Íslandi“.

Þessum orðum í öðrum kafla hinnar nýju greinar, sem alþingi stakk uppá (3. grein): „en sé enginn þeirra innanbrepps, skal formaður gjalda, sem fyr segir“, var sleppt úr sem óþörfum, af því að það er vitaskuld, að reglan í enda fyrstu málsgreinar einnig hlýtur að eiga við um þetta tilfelli. Að öðru leyti var greinin tekin óbreytt, og var þess þó getið einkum um ákvörðunina í þriðju málsgreininni, að hún að vísu væri að mörgu leyti móthverf hinna almennu reglu, sem sett er í 4. grein, en að það virtist samt réttast að setja það ekki fyrir sig, með því að ákvörðunin væri vel til fallin í sjálfri sér.

Stjórnarráðinu þókti ekki neitt á móti því, að fallast á breytingar þær, sem til eru færðar í 3. og 4. staflíð; samt virtist betur til fallið, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, að ákveða að Ískrár þær, sem um er rædt í 3. grein frumvarpsins (4. grein hjá alþingi) skuli lagðar fram fyrir sýslumennina ekki seinna en viku fyrir manntalsþingin, svo að þeim veitist nægur tími til að yfirlíta þær og rannsaka.

Þar sem alþingi stakk uppá (5. staflíð hér að framan), að ákvarðanir þær, sem gilda á Íslandi um tíundarsvik, og opið

1868.

12. ágúst.

bréf frá 1. septembermán. 1786 hefir inni að halda, skyldu eiga við um ósannar skýrslur um aflaupphæðina, virtist það ekki vel til fallið að heimfæra þær ákvarðanir uppá tilfelli þau, sem hér ræðir um, enda eru þær í sjálfu sér nú orðnar fremur á eptir tímanum. Það þókti því réttara að setja sem hegningu fyrir ósannar skýrslur um aflaupphæðina sekt, er sé fimmföld við það, sem undan er dregið, og láta sektina renna óskerta inn í lækna-sjóðinn; þar að auki var bætt við ákvörðun um, að með slík mál skuli farið sem opinber lögreglumál, nema því að eins, að ástæða sé til að höfða sakamál.

Breytingar þær, sem til færðar eru í 6. tölulið, leiða beinlínis af því, að alþingi hefir stungið uppá, að sýslumennirnir skuli heimta spítalagjaldið saman, og var því sjálfsagt að taka þær til greina. Sömuðis var orðinu „aðalreikning“ í 5. grein stjórnarfrumvarpsins breytt í „reikning“, með því að ekki á að gjöra nema einn reikning samkvæmt uppástungu alþingis, það er þann, sem sýslumaður eða bæjarfógeti semur; þar að auki mátti stytta frest þann, sem settur er í greininni fyrir borgun gjaldsins, til októbermánaðar loka, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, vegna breytinga þeirra, sem gjörðar voru á ákvörðunum frumvarpsins um heimtu gjaldsins.

Loks virtist ástæða til, samkvæmt uppástungu konungsfulltrúa, að taka í lagabodið ákvörðun um, hvenær gjaldið skuli í fyrsta skipti heimtað saman eptir því, og með því að ekki varð búizt við, að lagabodið yrði þinglesið á Íslandi fyr en á manntalsþingunum vorið 1869, verður ákvörðunum þess ekki beitt fyr en uppá gjald það, er fellur til 12. maímán. 1870. Fyrir því var ákvörðun, er að þessu laut, tekin í 2. grein frumvarpsins.

21. ágúst.

#### 45. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina, meðan konungur er í burtu á ferð til Rússlands.

Vér Kristján hinn Niundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: þar eð Vér ætlum Oss að heimsækja Vora ástkæru dóttur, hennar keisaralegu tign, Maríu Feodorownu stórfurstainnu af Rússlandi,